

**Nd.**

## **55. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og á lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Thor Thors.

### **1. gr.**

2. gr. laga nr. 20 24. marz 1934 skal orða svo:

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti. Skal hver þingflokkur tilnefna þá tölu þingmanna sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Forseti tilkynnir síðan, hverja þingmenn flokkarnir hafa tilnefnt, og teljast þeir rétt kjörnir til efri deildar.

### **2. gr.**

3. gr. laga nr. 20 24. marz 1934 skal orða svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns og annar maður er kosinn í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er sætið hafði, einn mann úr sinum flokki til efri deildar.

### **3. gr.**

Aftan við 45. gr. laga nr. 29 3. nóv. 1915 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefir forseti kveðið upp úrskurð um eitthvert mál eða ágreiningsatriði, og er þá skylt að bera þann úrskurð undir atkvæði þingmanna, ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess.

### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt vegna ágreinings þess, er reis við þingsetningu um skyldu þingflokka til skipunar efri deildar og um takmarkanir þingskapa á valdsviði forseta. Þykir rétt, að þingsköp kveði skýrt og óvæfengjanlega á um þetta mál.